

NOKKUR ORÐ UM VEFNAÐ - Ragnheiður Björk Þórsdóttir, textilhönnuður

Spuni og vefnaður ganga eins og rauður þráður í gegnum goðsagnir og goðsöguleg minni um allan heim og tengjast gjarnan töfrum, launhelgum, lífsins þræði og örlögum. Vefnaður heitir á latínu texera en þaðan er enska orðið text eða texti upprunnið. Hjá Forn-Egyptum er gyðjan Neith verndari vefjarins og hún var einnig vefari. Meðal Forn-Grikkja var Aþena gyðja vefnaðar og Penelópa, kona Ódysseifs, var einnig vefari. Ein frægasta goðsagan af Aþenu og vefnaðarfærni hennar er sagan af henni og Arakne (Arachne) sem var kona úr mannheimi. Arakne státaði sig af því, við hvern sem heyrta vildi, að hún væri betri vefari en Aþena og þegar Aþena frétti af því þá skoraði hún á Arakne í vefnaðarkeppni. Ófu þær hvor um sig dásamlegar myndir en þegar Aþena sá fegurðina í vefnaði Arakne varð hún afbrýðisöm og í bræði sinni breytti hún Arakne í kónguló þannig að örlög hennar urðu að vefa vefinn sinn á myrkum stöðum til eilífðarnóns. Gríska orðið fyrir kónguló er arakhne og Arachnida er latínuheitið fyrir yfirflokk áttfætlna, þannig lifir goðsagan áfram í orðnotkuninni. Sambærileg goðsaga er til af Mínervu og Arakne í rómverskum goðsögum. Í norrænni goðafræði er Frigg gyðja vefnaðar en hún var kona Óðins og oft talin æðst gyðja. Valkyrjurnar í norrænni goðafræði vefa örlagavef og eina þekktustu lýsingu á því hlutverki þeirra „að kjósa val og ráða vígum“ er að finna í Darraðarljóðum Brennu-Njáls sögu.

Vefnaður var afar mikilvægur í árbúsundir og lítið hefði verið um siglingar heimsálfá milli ef ekki hefði verið ofið. Landnámsmenn og konur hefðu ekki komist hingað til lands nema á víkingaskipunum en hvert skip hafði ca 70 – 80 fermetra stór segl. Seglin voru ofin úr ull og hör, þó aðallega úr ull hér á norðlægum slóðum. Fyrst var þráðurinn spunninn, en talið er að þurft hafi ullarreyfi af 200 – 300 kindum í eitt segl en togið var nær eingöngu notað í þau. Það hefur tekið eina vefkonu nokkur ár að spinna og vefa eitt segl en sennilegast er þó að vefnaður hafi verið stóriðja fyrir á öldum og ofið hafi verið í mörgum vefstöðum þannig að vinna mætti seglin á styttri tíma. Einnig var allur fatnaður, innst sem yst, meira og minna ofinn í vefstað, seinna vefstól, því ferð yfir hafið hefur verið óhugsandi án hlýs fatnaðar.

Vefnaður er einnig eitt elsta listhandverkið sem ennþá er stundað á jörðinni. Hann varð ekki til á einum stað heldur þróaðist sjálfstætt í ýmsum heimshornum og er samofinn fastri búsetu mannkynsins á jörðinni. Formæður okkar ófu í svokallaðan kljástainavefstað en vefstólar fóru að berast hingað til lands um miðja átjándu öldina, með Innréttingum Skúla Magnússonar en það tók landsmenn nokkra áratugi að tileinka sér þessa nýju tækni. Í vefstað voru ofnir röggvarfeldir eða vararfeldir, vaðmál, einskefta, salún, íslenskt glit, krossvefnaður og fleira. Það þótti bæði seinlegt og erfitt að vefa í gamla vefstaðnum og sagt er að til að vefa 100 álnir hafi vefkonan gengið um 36 km fram og til baka. Vefstóll hafði marga kosti fram yfir gamla kljástainavefstaðinn en við hann mátti sitja við að vefa og afköst jukust til muna, og þá fóru karlmenn loks að vefa hér á landi, þó ekki eingöngu eins og stundum er haldið fram. Munurinn á vefstað og vefstól felst í því að í vefstól

Vaðmálsprufa í eigu Textilmíðstöðvar Íslands. Ljósmynd: Cornelia Theimer Gardella

Oddavaðmálsprufa í eigu Textilmíðstöðvar Íslands. Ljósmynd: Cornelia Theimer Gardella

er uppistaðan lárétt og skilin stigin með fótunum og því er mjög fljótlegt að vefa, í gamla vefstaðnum er uppistaðan aftur á móti strengd lóðrétt og skilin dregin fram með höndunum, ekki ósvipað og gert er í lóðréttum myndvefnaðarstól. Íslenskar konur sáu að mestu leyti um tóvinnu, spuna og vefnað í þessu merkilega vinnutæki í hartnær 1000 ár og voru þannig ábyrgar fyrir stórum hluta af gjaldveisiflun Íslendinga en frá 900 og fram yfir 1300 voru vaðmál og vararfeldir eða röggvarfeldir löglegur gjaldmiðill á Íslandi og máttu þeir greiða landaura í Noregi í vaðmáli og feldum, auk silfurs. Það er því mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að halda til haga þessari merku sögu- og tækniþekkingu er varðar vefnað bæði í vefstað og vefstól sem er órjúfanleg búsetu okkar hér á hjara veraldar.




Kljástainavefstaður í Noregi þar sem verið er að vefa litla röggvarfeldi eða vararfeldi á námskeiði árið 2013.

Ljósmynd: Ragnheiður Björk Þórsdóttir



Íslenskur trissuvefstóll frá fyrri hluta 20. aldar. Ljósmynd: Hrefna Harðardóttir



Fréttabréf

VITAFÉLAGIÐ

Íslensk strandmenning

1. tbl 2021

Ágæti lesandi

Þá erum við komin á fulla siglingu á nýju ári, en starf okkar á því síðasta litaðist af heimsfaraldrinum eins og hjá öllum öðrum. Á haustmánuðum hóf stjórnin, af mikilli bjartsýni að skipuleggja málþing um allt land. Tilefnið var tilnefning súðbyrðingsins á heimsmínjaskrá UNESCO.

Búið er að skipuleggja þessi málþing og verður loksins hægt að fara af stað með þau nú í apríl. Við byrjum á Akureyri og Siglufirði og höldum svo til Eskifjarðar. Með haustinu bætast síðan við Vestmannaeyjar, Stykkishólmur og Flateyri, þar sem einnig verður námskeið í smíði súðbyrtra báta. Af ofangreindum ástæðum hefur starf félagsins því ekki verið mikið síðustu misserin, en stjórnin hefur þó ekki alveg setið auðum höndum eins og fyrr segir. Það er búið að funda heilmikið, sækja um styrki og spá og spekulera. Á aðalfundi félagsins sem haldinn verður 17. apríl munum við bera upp til samþykktar tillögur til lagabreytinga sem fylgja blaðinu. Þær eru fyrst og fremst gerðar til að við getum orðið aðilar að SAMÚT og þannig aukið enn frekar samstarf með öðrum, fengið meira vægi og jafnvel átt talsmenn í nefndum og vinnuhópum á vegum hins opinbera.

Í lögum félagsins stendur:

Markmið félagsins eru að:

- auka áhuga og þekkingu á vitum og öðrum menningarminjum við stendur landsins;
- stuðla að verndun vita og strandminja sem mikilvægum hluta af menningararfi þjóðarinnar;
- stuðla að fjölbreytilegri notkun vitans og annarra strandminja sem samrýmist verndun og sögu viðkomandi staða;
- koma á samvinnu við minjasöfn og aðrar opinberar stofnanir;

Þetta erum við svo sannarlega að gera í okkar starfi ásamt því að vinna með innlendum og norrænum félögum og stofnunum í sama málaflakki. Þessa grein viljum við útvíkka og verða þær tillögur bornar upp á fundinum.

Nú sem aldrei fyrr þurfum við á því að halda að koma saman eftir allar þær hömlur sem við höfum búið við og fá að taka þátt í málefnum sem brenna á okkur. Við hvetjum félagsmenn til að taka þátt í starfinu með okkur og hafa skoðun á því hvaða mál það eru sem við eigum að leggja áherslu á í framtíðinni; hver þemu verða á fræðslufundum vetrarins, í verkefnum og fl. Tökum höndum saman og vekjum fólk til umhugsunar um þau málefni sem við erum að vinna að, virkjum til þátttöku þá sem eru í kringum okkur, fjölgum félagsmönnum í félaginu. Með tilnefningu súðbyrðingsins á heimsmínjaskrá sjáum við að það skiptir máli að varðveita, viðhalda og færa komandi kynslóðum þekkingu á sögu og hefðum. Verum meðvituð um að strandmenningin er einn mikilvægasti hornsteinn íslenskrar menningar og hefjum hana til vegs og þeirrar virðingar sem henni ber.

Linda María Ásgeirsdóttir og Sigurbjörg Árnadóttir

Vinsamlegast munið að greiða félagsgjöldin

¹ Sjá Wayland Barber, Elizabeth, 1994:240–241.

² Sjá Soroka, Joanne, 2011:11.

³ Jón Böðvarsson 2002:281–284

„HÉR RERI HANN AFI Á ÁRABÁT ...“ - Helga Hallbergsdóttir, sagnfræðingur

Vestmannaeyjar hafa allt frá landnámi byggt lífsafkomu sína á sjónum, sem bæði gefur og tekur. Þangað má líka rekja menningararfinn, hvort sem vísað er til áþreifanlegra minja svo sem mannvirkja, húsa og báta eða þess sem óáþreifanlegra er; verkmenning, sögur, tónlist og mannlíf í sinni víðustu mynd. Matið hvað eigi að varðveita er alltaf gildishlaðið og breytist oft eftir tíðaranda, aldri og bakgrunni einstaklinga, sem gerir alla skráningu minja mjög mikilvæga.

Árabátatútgærd Eyjamanna fyrr á öldum var nokkuð sundurleit. Skipin voru flest smíðuð uppi á landi og síðan endurbýggð og stækkuð eftir að til Eyja kom. Undantekning var Gideon og Ísak, skip smíðuð af Þorkeli Jónssyni á Ljótastöðum í Landeyjum, en þar þótti ekkert umbætandi. Ekki vantaði áhuga eða færni til að ráðast í frumsmíðar hér heldur var það aðallega skortur á nothæfu efni til skipasmíða. Lagið á gömlu Vestmannaeyjaskipunum var mismunandi en þau voru öll mjög skábyrt og því breið. Þau þóttu stöðug og afburðagóð en þung í setningu.

Í lok 19. aldar fóru margir Vestmannaeyingar til sumarróðra á Austfjörðum og kynntust þar Færeyingum og bátum með færeysku lagi, sem þóttu bæði liprari og hraðskreiðari. Á fáum árum voru keyptir 40 – 50 sexæringar frá Færeyjum auk þess sem færeyski bátasmiðurinn Jakob á Biskupsstöð (1867-1964) var fenginn til starfa í Vestmannaeyjum 1901-1903. Jakob sameinaði í skipum sínum gamla Eyjalagið og það færeyska og reyndust skipin að öllu leyti miklu léttari í meðförum en gömlu vertíðarskipin.



Ási í Bæ og höfundur greinarinnar

Um þetta leyti fór Ástgeir Guðmundsson (1858-1943) að smíða skip með svipuðu lagi og síðar einnig sonur hans, Ólafur Ástgeirsson (1892-1966). Sjálfur taldi Ólafur að hann hefði smíðað um 400 báta á lífsleiðinni, þó að sjómennskan væri jafnan hans aðalstarf. En vélbátaldin var skammt undan og því lífdagar þessara skipa e.t.v. færri en annars hefði orðið.

Öll eru vertíðarskip Eyjamanna frá arabátaldinni löngu horfin en allmiklar heimildir eru til m.a. í Sagnheimum, byggðasafni. Þar má sjá líkón af flestum gerðum þeirra, svo sem bátum með Eyjalagi, Landeyjalagi og færeysku lagi, þökk sé Lifrarsamlagi Vestmannaeyja sem fékk Ólaf Ástgeirsson bátasmið til að gera þessi líkón og færa Byggðasafninu til varðveislu. Fyrir skömmu bættist síðan við líkan af Gideon sem Herjólfur Bárðarson skipasmiður gerði og færði safninu.



Áttæringurinn Farsæll með Landeyjalagi.

Áttæringurinn Farsæll er einn af elstu bátum landsins og segja má að hann komist einna næst vertíðarskipum arabátaldarinnar. Farsæll var smíðaður árið 1872 af Tómasi bónda Jónssyni, Arnarhóli í Landeyjum og er því friðaður. Skrokklag er Landeyjalag og smíðalag er skarsúð. Um aldamótin 2000 var Farsæll talinn einn merkasti safngripur Byggðasafns Vestmannaeyja. Eftir nokkrar hremmingar var honum vorið 2019 komið í hús á jarðhæð Þekkingarseturs Vestmannaeyja og meðhöndlaður eftir leiðbeiningum fagmanna. Verkefnið var styrkt bæði af Vestmannaeyjabæ og Safnaráði. Þar er hann nú til sýnis, enn einn af merkari munum safnsins, stoltur fulltrúi arabátaldarinnar og minnir jafnframt á þann aðbúnað sem sjómenn lifðu við á fyrri tímum.

Þegar fyrstu vélbátarnir fóru að koma til Eyja var hafist handa við að smíða slíka báta undir Skiphellum og urðu þeir um 70 talsins. Meðal frumkvöðla má telja Ástgeir Guðmundsson frá Litlabæ sem smíðaði a.m.k. 12 súðbyrðinga á árunum 1906-1918 og Danann Jens Andersen sem smíðaði sex slíka í Skildinganesfjöru 1913-1916. Bræðurnir Magnús, Guðmundur, Gunnar Marel og Þórður Jónssynir voru líka afkastamiklir bátasmiðir og fleiri mætti telja.

Bátafloti Eyjamanna hefur tekið miklum breytingum og heimamenn löngu hættir að vera samkeppnisfærir í smíði þeirra á heimaslóð. Eftir stendur sagan um útsjónarsemi og stórhug forfeðranna sem báru gæfu til að sækja þekkingu þangað sem hana var að finna, hvort sem það var í Landeyjar, til Austfjarða, Danmerkur eða Færeyja. Á þeim menningararfi hefur bæjarfélagið byggst upp og er nú eitt af stærstu útgerðarplássum landsins.




Úr Sagnheimum: Súðbyrtur skjögtbátur smíðaður af Ólafi Ástgeirssyni 1949

Einn af þekktari Vestmannaeyingum er sonur Ólafs Ástgeirssonar bátasmiðs, Ástgeir Ólafsson eða Ási í Bæ, trillusjómaður, texta- og lagasmiður, vísasöngvari og rithöfundur. Við smábátahöfnina í Eyjum má sjá stytta Áka Gränz af Ása, með vænan þorsk. Hér má setjast á trébekk og hlusta á Ása segja sögur og raula kvæðin sín sem m.a. fjalla um „afa sem reri á arabát“ og „ömmu sem aflann úr fjörunni dró“.

HVERGI MEIRI ERLEND ÁHRIF EN Á AUSTFJÖRÐUM - Smári Geirsson, kennari

Fram eftir 19. öldinni var sjávarútvegur á Austfjörðum einungis í smáum stíl og ekki var vitað til þess að fólk þar hafi haft lifibrauð sitt af fiskveiðum. Reyndar benda heimildir til að Austfirðingar hafi lagt stund á sjávarútveg af nokkru kappi fram undir 1720 en þá hafi tekið fyrir fiskgengd á þau grunnmið sem sótt var á og ríkti örveyða á þeim í áratugi þótt erlendar duggur öfluðu vel á miðum djúpt út af Austfjörðum.



Þegar Bjarni Sæmundsson fiskifræðingur ferðaðist um Austfirði árið 1898 segir hann að nú séu Austfirðingar farnir að stunda fiskveiðar af krafti en fram undir 1870 hafi takmarkað verið róði til fiskjar og einungis verið aflað til heimilisparfa og til að selja sveitamönnum sem bjuggu inn til landsins. Eftir 1870 hafi Austfirðingar byrjað að salta fisk til útflutnings og þá hafi útgerðin tekið að eflast. Bjarni getur þess að þorskveiðar Færeyinga og síldveiðar Norðmanna við Austfirði hafi haft mikil áhrif á sjávarútveg í landshlutunum og sé hann með útlendara sniði en annars staðar á landinu. Átti það við um bátana sem róði var á og einnig veiðarfærni. Austfirðingar hófu að nota löðir (línu) í meira mæli en gert var í öðrum landshlutum og þeir hrifust svo af erlendum bátum að bátar með hinu gamla austfirsku lagi hurfu úr sögunni á undraskömmum

tíma. Einkum voru það bátar með færeysku lagi sem leystu gömlu austfirsku bátana af hólmi og voru þeir yfirleitt nefndir „færeyingar“. Almennt töldu Austfirðingar færeysku bátana taka sínum gömlu bátum fram og voru meginkostirnir einkum tveir; þeir voru léttari í setningu og liprari í róðri. Þá þóttu færeysku bátarnir rennilegri og fallegri.

Færeyingar hófu að sækja á fiskimið við Austfirði árið 1871, en höfðu þó gert árangurslitlar tilraunir til þess áður. Í upphafi komu Færeyingar á þilskipum sínum og lögðu þeim við festar inni á fjörðunum. Síðan var róði á róðrabátum, svonefndum dorium, frá þeim og aflanum skipað um borð í þilskipið til vinnslu. Þilskipin voru því móðurskip en ekki nýtt til veiða. Öfluðu Færeyingarnir vel og sigldu skipin gjarnan á brott fullhlaðin saltfiski að úthaldi loknu.

Því fór fjarri að Austfirðingar föggnuðu Færeyingunum og hófu þegar á árinu 1875 að beita sér fyrir því að lög yrðu sett sem takmörkuðu veiðar þeirra. Að því kom að Alþingi heimilaði Austfirðingum að gera samþykktir um veiðar á heimamiðum. Voru þær gerðar á árunum 1879-1881 og fer ekkert á milli mála að í þeim voru ákvæði sem beint var gegn veiðum Færeyinganna.

Um og upp úr 1875 hófu færeysku fiskimennirnir á Austfjörðum að „fara til lands“ eins og þeir nefndu það. Þá fluttu þeir báta sína með færeyskum skútum eða pótskipum til Austfjarða, leigðu aðstöðu í landi og hófu sjóróðra þaðan. Þá hófu þeir einnig að selja íslenskum kaupmönnum fiskinn sem þeir öfluðu. Venjulega komu færeysku sjómennirnir til landsins í maímánuði og lögðu stund á róðra fram í september. Útróðramennirnir færeysku reru víða frá Austfjörðum þar sem hagstætt var að sækja á arabátum.

Algengt var að Færeyingarnir seldu heimamönnum báta sína þegar þeir héldu heim að vertíð lokinni og kæmu síðan með nýja báta á næstu vertíð. Eins þekktist að Austfirðingar létu smíða fyrir sig báta í Færeyjum. Sagan segir að Joen Peter Eliassen, sem reri frá Vattarnesi í 37 vertíðir, hafi flutt 57 „færeyinga“ til Íslands og aðrir Færeyingar munu hafa flutt fjölmarga báta til landsins.

Vinsældir færeysku bátanna á Austfjörðum leiddu til þess að austfirskir bátasmiðir hófu að smíða slíka báta. Einnig má geta þess að færeyski bátasmiðurinn Jakob Biskupsstöð dvaldi í Neskaupstað hjá dóttur sinni á árunum 1948 og 1949 og smíðaði 12 báta á meðan á dvölinni stóð og hóf smíði á þeim þrettánda. Áður en Jakob Biskupsstöð heimsótti dóttur sína á Íslandi hafði hann smíðað fjölda báta í Færeyjum fyrir Austfirðinga og eins kom hann til Vestmannaeyja og starfaði þar sumarlengt við bátasmiðar á árunum 1901-1903 og að auki um tíma árið 1911. Talið er að þessi þekkti færeyski bátasmiður hafi smíðað yfir eitt þúsund báta á starfsævinni.

Árið 1867 hófu Norðmenn síldveiðar á Austfjörðum. Á næstu árum fjölgaði norsku síldveiðifélagunum mikið og auk þess að veiða silfur hafsins í fjörðunum eystra var síldin elt til Norðurlands og jafnvel vestur á firði. Veiðarnar voru fyrst og fremst stundaðar með landnótum og eins var veitt í lagnet. Mikinn búnað þurfti til landnótaveiðanna, bæði veiðarfæri og báta- og skipakost. Venjulega tilheyrði 21 maður hverju nótalagi og hafði hvert nótalag fjórar nætur, sú stærsta venjulega 160-170 faðma löng. Þessi veiðibúnaður var miklu umfangsmeiri en Austfirðingar höfðu áður kynnst og fylgust þeir með veiðunum af mikilli athygli.

Í fyrstu var ekkert sem hindraði Norðmennina í að leggja stund á þessar veiðar en árið 1871 voru sett lög sem gerðu þeim skylt að greiða 4% aflaverðmætis í landshlut. Þá þurftu þeir sem vildu veiða innan íslenskrar landhelgi að vera íslenskir ríkisborgarar og var forsvarsmönnum norsku síldveiðifélaganna gert kleift að kaupa sérstök síldarborgarabréf.

Norsku nótalögum fjölgaði jafnt og þétt og urðu þau flest árið 1883 eða 92 talsins. Nokkur austfirsk verslunar- og útgerðarfyriretæki höfðu bolmagn til að festa kaup á þeim búnaði sem tilheyrði nótalagi og hófu síldveiðar í fjörðunum. Þá settust norskir síldveiðimenn að á Austfjörðum og héldu áfram síldveiðum þar fram á 20. öldina.

Hér skal þessari stuttu umfjöllun um erlend áhrif á fiskveiðar Austfirðinga á síðari hluta 19. aldar og fram á 20. öldina látið lokið. Ekkert fer á milli mála að það voru veiðar Færeyinga og Norðmanna sem fengu Austfirðinga til að líta á fiskveiðar sem sjálfstæðan atvinnuveg en áður töldu menn í rauninni landbúnað vera einu atvinnugreinina sem unnt væri að byggja tryggja lífsafkomu á.